ÞJÓÐLEIKHÚSID
DÝRIN Í HÁLSASKÓGI
SÝNINGUM LÝKUR Í FEBRÚAR!

• Stóra sviðið kl. 20:00
DÝRIN Í HÁLSASKÓGI – Thorbjörn Egner
Í dag sun. 16/1 kl.14:00 örfá sæti laus, sun. 23/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 30/1 kl. 14:00. Fáar sýningar eftir.
EDITH PIAF – Sigurður Pálsson
Í kvöld sun. 16/1 örfá sæti laus, lau. 22/1 uppselt, sun. 23/1 örfá sæti laus, fös. 4/2 örfá sæti laus, sun. 13/2, nokkur sæti laus, lau. 19/2 örfá sæti laus,l au. 26/2 örfá sæti laus.
ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA – Hallgrímur Helgason /leikgerð Baltasar Kormákur
Fim. 20/1 lau. 26/2 örfá sæti laus. lau. 29/1 nokkur sæti laus.
Aðeins þessar tvær sýningar eftir.
ÖXIN OG JÖRÐIN – Ólafur Gunnarsson/leikgerð Hilmar Jónsson
6. sýn. fös. 21/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/1 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 5/2 nokkur sæti laus, 9. sýn. lau. 12/2. nokkur sæti laus,
• Smíðaverkstæðið kl. 20:00
NÍTJÁNHUNDRUÐ - KAFFILEIKHÚS – Alessandro Baricco
lau. 22/1, örfá sæti laus, lau. 29/1.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin.
• Litla sviðið kl. 20:00
BÖNDIN Á MILLI OKKAR – Kristján Þórður Hrafnsson
fim. 20/1 örfá sæti laus, fim. 27/1, lau. 29/1, nokkur sæti laus,
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin.
Miðasalan er opin kl. 13-18 mán. og þri. Aðra daga kl. 13-20.
Símapantanir frá kl. 10 virka daga. www.leikhusid.is • midasala@leikhusid.is
Þjóðleikhúsið sími 551 1200

BORGARLEIKHÚSID
Leikfélag Reykjavíkur
HÉRI HÉRASON
Fyndið - ferskt - fjörugt - farsakennt

Stóra svið
HÍBÝLI VINDANNA leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögu
Í kvöld kl 20 - GRÆN KORT - UPPSELT
Fö 21/1 kl 20 - BLÁ KORT - UPPSELT
Lau 22/1 kl 20, - UPPSELT
Fim 27/1 kl 20, - AUKASÝNING
Lau 29/1 kl 20, - UPPSELT
Su 30/1 kl 20,
Fim 3/2 kl 20 - UPPSELT,
Lau 5/2 kl 20,
Su 6/2 kl 20,
Fö 11/2 kl 20,
Lau 12/2 kl 20
LÍNA LANGSOKKUR e. Astrid Lindgren
Í dag kl 14, Su 23/1 kl 14, Su 30/1 kl 14,
Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14,
SÍÐUSTU SÝNINGAR
HÉRI HÉRASON e. Coline Serreau
Su 23/1 kl 20, Fö 28/1 kl 20, Fö 4/2 kl 20
ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN: FJÖLSKYLDUSÝNING
The Match, Æfing í Paradís, Bolti
Lau 22/1 kl 14
Nýja svið og Litla svið
SVIK eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI, Sögn ehf og LA.
Í kvöld kl 20, Fi 20/1 kl 20, Fö 4/2 kl 20
AUSA eftir Lee Hall - Í samstarfi við LA
Fö 21/1 kl 20, Lau 29/1 kl 20, Su 6/2
Ath: Lækkað miðaverð
BELGÍSKA KONGÓ e. Braga Ólafsson
Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Í kvöld kl 20 - UPPSELT,
Fi 20/1 kl 20, Su 23/1 kl 20, Su 30/1 kl 20,
Lau 5/2 kl 20 - UPPSELT
SÝNINGUM LÝKUR Í FEBRÚAR
SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
eftir Agnar Jón Egilsson,
Í samstarfi við TÓBÍAS
Frumsýning su 16/1 kl 20 - UPPSELT
Lau 22/1 kl 20, Fi 27/1 kl 20, Su 30/1 kl 20
ATH: Bönnuð yngri en 12 ára
BÖRN 12 ÁRA OG YNGRI FÁ FRÍTT Í BORGARLEIKHÚSIÐ Í FYLGD FULLORÐINNA gildir ekki á barnasýningar!
LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA - UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið - kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA
Miðasalan er opin: Mánud. og þriðjud.:10:00-18:00, mið-, fim- og föstudaga: 10:00-20:00, laugar- og sunnudaga: 12:00-20:00
Miðasölusími 568 8000 - miðasala á netinu: www.borgarleikhus.is

Óliver! Eftir Lionel Bart
Fös. 21.1 kl 20 Örfá sæti
Lau. 22.1 kl 20 UPPSELT
Fös. 28.1 kl 20 UPPSELT
Sun. 30.1 kl 14 aukasýn.
Fös. 04.2 kl 20 Nokkur sæti
Lau. 05.2 kl 20 Nokkur sæti
Fös. 11.2 kl 20 Nokkur sæti
Lau. 12.2 kl 20 Nokkur sæti
„Fjarskalega leiftrandi og skemmtileg sýning.“ H.Ö.B. RÚV
Miðasölusími 4 600 200 leikfelag.is
Ath: Ósóttar pantanir seldar daglega!
Munið VISA tilboð í janúar
LEIKFÉLAG AKUREYRAR
Sýnt í Reykjavík: Eldað með Elvis, Svik og Ausa og stólarnir

Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT
TOSCA
Landsbankinn Banki allra landsmanna
Frumsýning 11. feb. kl.20.00 – UPPSELT – 2. sýning 13.feb. kl. 19.00
3. sýning 18.feb. kl 20.00 – 4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – FÁAR SÝNINGAR
Námskeið um Toscu og Puccini hjá Endurmenntun Háskóla Íslands
Skráning í síma: 525 4444 – endurmenntun@hi.is
Miðasala á netinu: www. opera.is
www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200
ÍSLENSKA ÓPERAN
Miðasalan er opin kl. 14–18 virka daga, kl. 13–18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10–18 virka daga.



Þvert á tímann

Málsvörn og minningar eftir Matthías Johannessen er engin venjuleg jólabók heldur bók fyrir alla daga ársins.

Ég býst við að mörgum þyki fengur í því sem Matthías skrifar um uppruna sinn, ekki síst um norskan afa sinn. Sama er að segja um trúmál. Einnig munu margir forvitnir um hvað hann hefur um störf sín á Morgunblaðinu að segja.

En Málsvörn og minningar er viðamikil bók, 533 síður (útgefandi Vaka-Helgafell).

Eins og Matthías segir sjálfur sækir hann bæði sykur og brauð.

AF LISTUM
Jóhann Hjálmarsson
johj@mbl.is

Víðfeðmur stíllinn á sinn þátt í því að bókin er á köflum hreinn skemmtilestur þótt alvarlegi tónninn gleymist ekki.

Fljótt á litið vildi ég segja að Málsvörn og minningar ætti að vera skyldulesning blaðamanna og annars fjölmiðlafólks. Það má margt af bókinni læra.

•••

Í stuttum listapistli er við hæfi að víkja að því sem Matthías hefur að segja um ljóðlist. Hann birtir fjölda ljóða í bókinni, einkum eftir sjálfan sig en einnig aðra og þýðir líka.

Í bókinni eru bæði háttbundin ljóð og óháttbundin, tvær hliðar sem Matthías hefur jafnan sinnt. Hann skrifar í kaflanum Að Vatnaskilum:

„Það hefði kannski átt að vera meira af atómkveðskap í syrpunni, minna af öðru. En svona vil ég nú þetta sé, þvert á tímann. Auk þess þekki ég mig vel í þeim formföstu kvæðum sem ég tók með, þau eru mitt göngulag, enda á ég rætur í jarðvegi sem gömlu skáldin plægðu.“

Matthías kveðst hafa gaman af að plægja þennan sama akur: „Hann kallar á natni og ný viðhorf; ekki síður en nýrækt háttleysunnar.“

Matthíasi tekst með ljóðunum í Málsvörn og minningum það sem mest er um vert: að gæða ljóðin lífi, skiptir engu hvort þau eru rímuð eða órímuð.

Þetta er vandrataður vegur og aðeins á færi hinna bestu skálda. Örfá skáld hafa sannað að þau geta þetta, en með hliðsjón af því sem ég hef lesið eftir t.d. yngri skáld myndi ég ráðleggja þeim að yrkja óhefðbundið. Rímið verður stirðlegt í ljóðum þeirra flestra eða jafnvel léttvægt.


Morgunblaðið/Einar Falur

„Matthíasi tekst með ljóðunum í Málsvörn og minningum það sem mest er um vert: að gæða ljóðin lífi, skiptir engu hvort þau eru rímuð eða órímuð.“

> ’Málsvörn og minningar ætti að vera skyldulesning blaðamanna og annars fjölmiðlafólks. Það má margt af bókinni læra.‘

•••

Eins og áður hefur komið fram er Matthías vel að sér í ljóðum enskumælandi skálda. Mörg þessara skálda eru trú ríminu, ekki síst Auden.

Matthías vitnar í gamankvæði eftir undirritaðan þar sem að því er vikið að Auden hafi ekki getað hætt að ríma. Þetta er aðeins innskot í kvæðinu en á ekki að vera dómur af neinu tagi, enda skrifuðum við Matthías báðir lofsamlega um Auden að honum látnum.

Ég hef alltaf haft gaman af Auden en tel að stundum hafi hann lagt of mikið kapp á íþrótt málsins, ekki síst í því skyni að reynast fyndinn.

Málsvörn og minningar er gríðarmikil heimild um samtímann, ekki bara skáld og skáldskap þótt sá hluti sé einna hnýsilegastur að mínu mati. Það er líka ávinningur að því sem Matthías skrifar um eigin skáldskap. Ég nefni sem dæmi það sem hann hefur að segja um Goðsögn, eitt af bestu ljóðum sínum.

•••

Sálmar á atómöld koma einnig við sögu, einkum merkur draumur Hönnu.

Matthías er yfirleitt mildur í málsvörn sinni, jafnvel þegar ástæða væri til að nota stór orð. En hann kemur óánægju sinni og áhyggjum þannig til skila að lesandinn áttar sig.

Hvassar ádrepur skortir ekki.

Að skrifa þvert á tímann hæfir skáldum, aðrir geta lagt metnað sinn í að dansa með og þiggja fányti að launum.

„Tíðarandinn er nærsýn skepna,“ eins og Matthías Viðar Sæmundsson skrifaði og nafni hans gerir að einkunnarorðum bókar sinnar.

Ljúfar laglínur og dansandi fjör

Þannig má lýsa höfuðeinkennum 2. fiðlukonserts Prokofíevs. Til að túlka þennan vinsæla fiðlukonsert kemur hinn óviðjafnanlegi fiðluleikari, Akiko Suwanai og mun hún leika á eina frægustu Stradivarius-fiðlu heims. Suwanai var aðeins 17 ára gömul þegar hún sigraði Tjajkovskíj-keppnina og varð þar með yngsti viðtakandi fyrstu verðlauna þessarar virtu keppni.

Gul tónleikaröð #4 | HÁSKÓLABÍÓI, FIMMTUDAGINN **20. JANÚAR** KL. 19.30



Hljómsveitarstjóri ::: Rumon Gamba
Einleikari ::: Akiko Suwanai
Joseph Haydn ::: Sinfónía nr. 6 í D-dúr, „Le matin“
Sergej Prokofiev ::: Fiðlukonsert nr. 2 í g-moll, op. 63
Dímítrij Sjostakovítsj ::: Sinfónía nr. 6 í h-moll, op. 54

Samverustund Vinafélagsins hefst kl. 18.00 í Sunnusal Hótel Sögu. Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur kynnir efnisskrá kvöldsins. Verð 1000 kr. Súpa og brauð innifalið. **Allir velkomnir.**

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
Háskólabíó við Hagatorg | Sími 545 2500 | sinfonia@sinfonia.is | www.sinfonia.is

FAÐIR VOR
EFTIR HLÍN AGNARSDÓTTUR
Í IÐNÓ
NÆSTU SÝNINGAR
FÖSTUD. 21. JAN. KL. 20
LAUGARD. 29. JAN. KL. 20
MIÐAPANTANIR Í SÍMA 562 9700
IÐNÓ

mbl.is
Fáðu fréttirnar sendar í símann þinn | mbl.is

AUGLÝSINGADEILD
netfang: augl@mbl.is eða sími 569 1111

Listamannaspjall með Brian Griffin

BRESKI ljósmyndarinn verður með listamannaspjall í fjölnotasal Hafnarhússins í dag kl. 15. Þar mun hann segja frá ferli sínum, en viðmælandi hans verður Anne Braybon, listrænn ritstjóri *Management Today*.

Anne hefur víða haldið fyrirlestra um ljósmyndun og tók meðal annars viðtal við Brian sem birtist í sýningarskrá sem gefin er út í tengslum við sýninguna Áhrifavalda sem nú stendur yfir í Hafnarhúsinu.

